

# **Sveitarfélagið Árborg**

## **Ársreikningur 2017**

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>bls.</b>
Skýrsla bæjarstjórnar og framkvæmdastjóra .....	<b>2</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	<b>3 - 5</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>6</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>7 - 8</b>
Sjóðstreymi .....	<b>9</b>
Skýringar .....	<b>10 - 25</b>
Óendurskoðað fylgiskjal: Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar .....	<b>26</b>

Sveitarfélagið Árborg  
Kennitala 650598-2029  
Austurvegi 2, 800 Selfoss

## Skýrsla bæjarstjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnud með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálftæðar einingar.

Rekstur sveitarfélagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Heildarvelta sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta 2017 nam 8.463 mkr. og er 388,6 mkr. yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins námu 6.215,2 mkr. og voru 158 mkr. yfir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 7.346,8 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir 6.957,1 mkr.

Það er álit bæjarstjórnar sveitarfélagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrararángri ársins og fjárhagslegrí þróun, komi fram í ársreikningnum.

Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 16 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir halla upp á 156,4 mkr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er jákvæð um 450,9 mkr. og er afkoman 265,8 mkr. betri en gert var ráð fyrir í áætlun.

Fjöldi ársverka á árinu var 581.

Íbúafjöldi Sveitarfélagsins Árborgar 1. desember 2017 var 8.958 en var þann 1. desember 2016 8.471. Íbúum fjölgaði því um 487 eða 5,75%.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana þess fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Selfossi, 14. maí 2018

Bæjarstjórn:

The image shows several handwritten signatures in blue ink. From top left to bottom right, the signatures are: "Jón Ólafsson", "Gunnar Þórhil", "Gert Vatnsh.", "Kárvíður Bróðmar", "Egún B. Þóressen", "Helgi S. Haraldsson", "Egún B. Magnúsdóttir", and "Hildur Guðrún Þórssdóttir".

Framkvæmdastjóri:

A single handwritten signature in blue ink, which appears to read "Ólafur Þórssen".

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar.

## Alit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu bæjarstjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fē á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla bæjarstjórnar og framkvæmdastjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

## Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýr í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sveitarfélagini samkvæmt ákvæðum siðareglina sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglina.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2017. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á álti okkar á ársreikninginn í heild sinni. Við látum ekki í ljós sérstakt álit á hverju lykilatriði fyrir sig.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
<b>Mat á lífeyrisskuldbindingu</b>	Stjórnendur Sveitarfélagsins Árborgar fengu aðstoð utanaðkomandi tryggingastærðfræðings til að reikna áfallna lífeyrisskuldbindingu í árslok.
Lífeyrisskuldbinding A og B hluta Sveitarfélagsins Árborgar er 1.956,3 milljónir króna í árslok 2017 eða 12,8% af efnahag sveitarfélagsins.	Endurskoðun okkar á mati lífeyrisskuldbindingar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:
Mat stjórnenda á fjárhæð lífeyrisskuldbindingar er lykilþáttur í endurskoðun okkar þar sem um er að ræða verulegan lið í reikningskilum A og B hluta sveitarfélagsins.	Við vorum í samskiptum við tryggingastærðfræðing og lögðum mat á hæfni og óhæði hans.
Lífeyrisskuldbindingin eru færð miðað við núvirði áætlaðra greiðslna til framtíðar. Stjórnendur byggja mat sitt á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar sem framkvæmd var miðað við lok árs 2017. Breyting skuldbindingarinnar á árinu er færð í rekstrarreikning.	Við mynduðum okkur væntingar um stöðu lífeyrisskuldbindingarinnar miðað við þekktar stærðir s.s. launaþróun.
Sjá nánar skýringu 1.11 um reikningsskilaaðferðir og skýringu 11 um lífeyrisskuldbindingar.	Við fórum yfir útreikninga stjórnenda og tryggingastærðfræðings og bárum saman við væntingar okkar.
	Við skoðuðum undirliggjandi gögn með úrtökum.
	Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Ábyrgð bæjarstjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Bæjarstjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og framkvæmdastjóra að meta hæfi sveitarfélagsins til áframhaldandi starfsemi og semja ársreikning sveitarfélagsins á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema mat þeirra sé að áframhaldandi starfsemi sé ekki möguleg. Bæjarstjórn og framkvæmdastjóra ber að setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulegra annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulegra annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhættu af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarnarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu álti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum afluð fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitarfélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtoldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum framkvæmdastjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulegra annmarka á innra eftirliti ef við á.


Við höfum lýst því yfir við bæjarstjórn að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

## Áritun óháðs endurskoðanda

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Selfossi, 14. maí 2018

PricewaterhouseCoopers ehf.



Ólafur Gestsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	Bæjarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
		2017	Fjárh.áætl.	2016	2017	Fjárh.áætl.	2016
<b>Tekjur</b>	2						
Skatttekjur .....		4.970.612	4.816.687	4.371.802	4.936.559	4.784.573	4.338.647
Framlög jöfnunarsjóðs .....		1.278.593	1.272.541	1.176.822	1.278.593	1.272.541	1.176.822
Aðrar tekjur .....		1.097.619	867.826	1.083.348	2.247.908	2.017.321	2.111.509
		<u>7.346.824</u>	<u>6.957.054</u>	<u>6.631.972</u>	<u>8.463.060</u>	<u>8.074.435</u>	<u>7.626.977</u>
<b>Gjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	3,14	4.373.240	4.213.522	3.938.628	4.538.904	4.377.240	4.097.549
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	3	(7.324)	40.400	144.181	(2.086)	47.900	151.768
Annar rekstrarkostnaður .....		2.381.871	2.318.896	2.114.336	2.639.094	2.655.206	2.369.660
		<u>6.747.787</u>	<u>6.572.818</u>	<u>6.197.145</u>	<u>7.175.912</u>	<u>7.080.346</u>	<u>6.618.977</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>		599.038	384.236	434.827	1.287.148	994.089	1.008.000
Afskriftir .....	6	(292.217)	(292.444)	(286.968)	(433.868)	(474.003)	(439.135)
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b>		306.821	91.792	147.859	853.280	520.086	568.865
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	4	(290.472)	(248.214)	(366.292)	(359.305)	(316.829)	(445.286)
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir skatta</b>		16.349	(156.422)	(218.433)	493.975	203.257	123.578
Reiknaður tekjuskattur .....	12	(379)	0	(60)	(43.102)	(18.219)	(15.766)
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	5	<u>15.970</u>	<u>(156.422)</u>	<u>(218.493)</u>	<u>450.874</u>	<u>185.038</u>	<u>107.813</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>Bæjarsjóður</b>	<b>Samantekin reikningsskil</b>	
		A-hluti	A og B hluti	2016
		2017	2017	2016
<b>Fastafjármunir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6			
Fasteignir og lóðir .....		8.923.004	8.716.665	10.074.676
Veitukerfi og gatnakerfi .....		574.719	534.075	3.270.378
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki .....		147.222	148.196	169.389
		9.644.944	9.398.936	166.690
			13.514.443	13.033.268
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í félögum .....	7	325.506	325.506	325.043
Langtímakröfur .....	8	56.286	72.711	56.286
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		182.715	179.602	0
		564.507	577.819	381.329
				397.754
<b>Fastafjármunir samtals</b>		10.209.452	9.976.756	13.895.772
<b>Veltufjármunir</b>				
Vörubirgðir .....		0	0	21.027
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur .....	9	486.333	401.318	584.127
Næsta árs afb. langtímakrafna .....	8	37.676	8.988	37.676
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		881.965	795.076	0
Aðrar skammtímakröfur .....	9	333.111	366.024	339.898
Handbært fé .....		364.090	77.126	446.834
		2.103.174	1.648.533	1.429.561
<b>Veltufjármunir samtals</b>				1.007.198
<b>Eignir samtals</b>		<u>12.312.626</u>	<u>11.625.289</u>	<u>15.325.333</u>
				<u>14.438.220</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

		Bæjarsjóður A-hluti	Samantekin reikningsskil A og B hluti	
Eigið fé og skuldir	Skýr.	2017	2016	2017
<b>Eigið fé</b>				
Eigið fé .....	10	1.813.642	1.456.598	4.186.784
<b>Skuldbindingar</b>				
Lifeyrisskuldbindingar .....	11	1.842.046	1.823.741	1.956.251
Tekjuskattsskuldbinding .....	12	0	0	149.098
		1.842.046	1.823.741	2.105.350
				2.042.894
<b>Langtímaskuldir</b>				
Skuldir við lánastofnanir .....	13	5.935.167	5.958.323	7.154.373
<b>Skammtímaskuldir</b>				
Viðskiptaskuldir .....		391.425	192.493	476.849
Næsta árs afb. langtímaskulda .....	13	612.465	631.760	727.031
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		1.227.499	1.082.604	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		490.383	479.769	674.945
		2.721.771	2.386.626	1.878.826
				1.659.212
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		10.498.984	10.168.690	11.138.549
				10.862.606
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>12.312.626</u>	<u>11.625.289</u>	<u>15.325.333</u>
				<u>14.438.220</u>

Aðrar upplýsingar 14-15

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2017

	Bæjarsjóður			Samantekin reikningsskil		
	A-hluti			A og B hluti		
	2017	Fjárh.áætl.	2016	2017	Fjárh.áætl.	2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Hreint veltufé frá rekstri:						
Rekstrarniðurstaða ársins .....	15.970	(156.422)	(218.493)	450.874	185.038	107.813
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstremi:						
Söluhagnaður eigna .....	(5.509)	0	(219)	(21.991)	0	(721)
Afskriftir .....	292.217	292.444	286.968	433.868	474.003	439.135
Verðbætur og gengismunur .....	111.470	163.956	133.884	137.830	203.514	163.190
Breyting tekjuskattskuldbindingar .....	0	0	0	42.723	0	15.706
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	103.311	0	305.653	125.788	0	322.906
	517.458	299.978	507.793	1.169.092	862.555	1.048.029
Breytingar rekstartengdra eigna- og skuldaliða:						
Vörubirgðir .....	0	0	0	(1.216)	0	(2.501)
Óinnheimtar tekjur .....	(85.015)	0	(9.774)	(85.015)	0	(9.774)
Aðrar skammtímakröfur .....	32.913	0	124.874	45.695	0	115.094
Skammtímaskuldir .....	209.545	0	15.850	229.719	40.000	33.894
	157.443	0	130.950	189.183	40.000	136.713
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>674.901</b>	<b>299.978</b>	<b>638.743</b>	<b>1.358.275</b>	<b>902.555</b>	<b>1.184.741</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(201.961)	(465.550)	(229.865)	(598.822)	(880.500)	(447.160)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	10.319	0	350	46.843	0	1.156
Eignarhluti í félögum, breyting .....	0	0	228	0	0	228
Langtímakröfur, breyting .....	(11.910)	10.490	(14.115)	(11.910)	10.490	(14.115)
	(203.552)	(455.060)	(243.402)	(563.889)	(870.010)	(459.890)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Framlög frá eigin stofnunum .....	0	0	0	(180.778)	(165.286)	(165.285)
Skammtímalán .....	0	0	(106.763)	0	0	(106.763)
Tekin ný langtímalán .....	500.000	850.000	450.000	650.000	1.000.000	450.000
Afborganir langtímalána .....	(657.387)	(649.619)	(672.168)	(784.866)	(761.880)	(796.247)
Afborganir lífeyrisskuldbindinga .....	(85.006)	(19.000)	(84.192)	(106.055)	(19.000)	(93.497)
Eignarhluti íbúa, breyting .....	0	0	0	(19.548)	0	(4.575)
Eigin fyrirtæki, breyting .....	58.007	116.723	76.426	0	0	0
	(184.386)	298.104	(336.697)	(441.247)	53.834	(716.367)
<b>Hækjun á handbæru fé</b>	<b>286.963</b>	<b>143.022</b>	<b>58.644</b>	<b>353.139</b>	<b>86.379</b>	<b>8.484</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....	77.126	41.678	18.482	93.695	47.206	85.211
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>364.090</b>	<b>184.700</b>	<b>77.126</b>	<b>446.834</b>	<b>133.585</b>	<b>93.695</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlunar og ársreikninga sveitarfélaga og auglysingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Til bæjarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð, þjónustumiðstöð, Fasteignafélag Árborgar slf og ehf og Verktækni ehf. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að fullu eru í eigu Sveitarfélagsins Árborgar, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Byggingasjóður aldraðra, Leigubústaðir Árborgar ses, fráveita, vatnsveita, Selfossveitur bs. og Sandvíkursetur ehf.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Samantekinn ársreikningur

Ársreikningur bæjarsjóðs (A hluta) og samstæðu (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

### 1.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna telst útsvar, fasteignaskattur, löðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

### 1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Aróstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á skuldir í árslok.

## Skýringar

### 1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlutu af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

Fasteignir .....	40 ár
Veitukerfi .....	10 - 40 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki .....	5-15 ár

Afskriftir eru reiknaðar hlutfallslega innan ársins.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarniðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrafaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi er yfirfarið hvort gangvirði bessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávik að ræða eru þær endurmetnar. Í bessu samhengi er frávik talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á eiginfjárréikning.

### 1.6 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

### 1.7 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

### 1.8 Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

### 1.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

### 1.10 Eignir utan efnahagsréiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsréikningi.

## Skýringar

### 1.11 Lifeyrisskuldbinding

Lifeyrisskuldbinding vegna lifeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2017. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 11.

### 1.12 Tekjuskattsskuldbinding

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færst til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtíli miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

### 1.13 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísítölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2018. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### 1.14 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun með viðaukum fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóöstreymi og skýringum.

### 1.15 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

### 2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Bæjarsjóður 2017	Áætlun	Samantekin reikningsskil 2017	Áætlun
<b>Skatttekjur:</b>				
Útsvar .....	4.269.208	4.101.000	4.269.208	4.101.000
Fasteignaskattar .....	577.189	593.287	543.137	561.173
Lóðarleiga .....	124.215	122.400	124.215	122.400
	<b>4.970.612</b>	<b>4.816.687</b>	<b>4.936.559</b>	<b>4.784.573</b>
<b>Jöfnunarsjóður:</b>				
Tekjujöfnunarframlag .....	472.572	387.435	472.572	387.435
Rekstrarframlag grunnskóla .....	376.469	321.950	376.469	321.950
Framlag vegna fasteignaskattstekna .....	153.362	125.700	153.362	125.700
Framlag vegna skatta á fjármálfyrirtæki .....	14.623	0	14.623	0
Framlag vegna nýbúa .....	11.570	10.920	11.570	10.920
Framlag vegna fatlaðra .....	249.997	426.536	249.997	426.536
	<b>1.278.593</b>	<b>1.272.541</b>	<b>1.278.593</b>	<b>1.272.541</b>
<b>Skatttekjur samtals .....</b>	<b>6.249.206</b>	<b>6.089.228</b>	<b>6.215.153</b>	<b>6.057.114</b>
<b>Aðrar tekjur .....</b>	<b>1.097.619</b>	<b>867.826</b>	<b>2.247.908</b>	<b>2.017.321</b>
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>7.346.824</b>	<b>6.957.054</b>	<b>8.463.060</b>	<b>8.074.435</b>
<b>Íbúafjöldi .....</b>	<b>8.958</b>	<b>8.579</b>	<b>8.958</b>	<b>8.579</b>
<b>Skatttekjur á íbúa .....</b>	<b>698</b>	<b>710</b>	<b>694</b>	<b>706</b>

### 3. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður 2017	Áætlun	Samantekin reikningsskil 2017	Áætlun
<b>Laun .....</b>	<b>3.395.866</b>	<b>3.427.666</b>	<b>3.522.677</b>	<b>3.562.205</b>
Launatengd gjöld .....	801.722	785.856	829.383	815.035
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	(7.324)	40.400	(2.086)	47.900
Lífeyrissjóðurinn Brú .....	175.652	0	186.843	0
	<b>4.365.916</b>	<b>4.253.922</b>	<b>4.536.818</b>	<b>4.425.140</b>

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og framkvæmdastjóra námu 57,3 mkr. á árinu 2017.

## Skýringar

### 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður 2017	Áætlun	Samantekin reikningsskil 2017	Áætlun
Vaxtatekjur .....	73.579	12.592	33.239	3.450
Tekjur af eignarhlutum í félögum .....	13.996	11.500	13.996	11.500
Framlag eigin stofnana .....	180.778	165.286	180.778	165.286
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(558.825)	(437.592)	(587.317)	(497.065)
	(290.472)	(248.214)	(359.305)	(316.829)

### 5. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Aðalsjóður:				
Skatttekjur .....	0	6.393.197	6.393.197	6.205.402
Félagsþjónusta .....	1.139.848	376.555	(763.293)	(1.003.021)
Fræðslu- og uppeldismál .....	4.113.246	388.815	(3.724.431)	(3.660.601)
Menningarmál .....	179.035	5.280	(173.755)	(177.811)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	1.211.143	570.392	(640.750)	(639.078)
Brunamál og almannavarnir .....	113.311	0	(113.311)	(106.509)
Hreinlætismál .....	214.726	165.634	(49.093)	(17.839)
Skipulags- og byggingarmál .....	246.306	54.663	(191.643)	(186.887)
Umferðar- og samgöngumál .....	264.004	2.562	(261.442)	(263.754)
Umhverfismál .....	141.062	425	(140.637)	(175.332)
Atvinnumál .....	46.792	1.038	(45.754)	(42.200)
Sameiginlegur kostnaður .....	641.115	178.684	(462.431)	(247.325)
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	(7.324)	0	7.324	(40.400)
Fjármagnsliðir .....	330.049	618.918	288.869	273.880
Millivelta .....	(708.632)	(708.632)	0	0
Aðalsjóður samtals .....	7.924.681	8.047.533	122.852	(81.475)
Eignasjóður .....	672.817	797.708	124.890	136.105
Þjónustumiðstöð .....	179.776	136.344	(43.432)	(41.170)
Fasteignafélag Árborgar .....	438.329	248.064	(190.265)	(181.656)
Verktækni ehf .....	10.075	12.000	1.925	11.773
Millivelta .....	(1.275.906)	(1.275.906)	0	0
Bæjarsjóður samtals .....	7.949.772	7.965.742	15.970	(156.422)
Byggingasjóður aldraðra .....	53.197	31.400	(21.797)	(15.785)
Leigubústaðir Árborgar ses .....	99.778	91.420	(8.358)	(19.055)
Fráveita .....	39.224	300.848	261.624	243.675
Vatnsveita .....	87.953	242.473	154.520	122.534
Selfossveitur .....	605.541	681.476	75.935	32.386
Sandvíkursetur ehf .....	47.324	20.304	(27.020)	(22.295)
Millivelta .....	(251.684)	(251.684)	0	0
Sjóðir í B-hluta samtals .....	681.332	1.116.236	434.904	341.460
Samantekið samtals	8.631.105	9.081.978	450.874	185.038

## Skýringar

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshlutí, greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>Bæjarsjóður:</b>				
Bókfært verð 1/1 .....	8.716.665	534.075	148.196	9.398.936
Viðbót á árinu .....	97.119	71.235	33.606	201.961
Endurmat leigulóða .....	341.074			341.074
Selt á árinu .....	(767)		(4.043)	(4.810)
Afskrifað á árinu .....	(231.088)	(30.592)	(30.537)	(292.217)
<b>Bókfært verð 31/12 .....</b>	<b>8.923.004</b>	<b>574.719</b>	<b>147.222</b>	<b>9.644.944</b>

	Fasteignir og lóðir	Veitu- og gatnakerfi	Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>Samantekið:</b>				
Bókfært verð 1/1 .....	9.925.711	2.940.867	166.690	13.033.268
Viðbót á árinu .....	98.106	456.823	43.894	598.822
Endurmat leigulóða .....	341.074			341.074
Selt á árinu .....	(20.668)		(4.184)	(24.853)
Afskrifað á árinu .....	(269.547)	(127.312)	(37.010)	(433.868)
<b>Bókfært verð 31/12 .....</b>	<b>10.074.676</b>	<b>3.270.378</b>	<b>169.389</b>	<b>13.514.443</b>

Vátryggingarverðmæti, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna sveitarsjóðs og B hluta stofnana, greinist þannig í árslok:

	Vátryggingar- verðmæti	Fasteigna- mat	Bókfært verð
<b>Bæjarsjóður:</b>			
Skólahúsnæði .....	7.188.950	3.223.090	2.651.967
